

Reykjavík, 24. febrúar 2011.

Kæri Jón,

Langt er síðan fundum okkar bar saman. Hér hefur margt breyst síðan þú kvaddir og í þessu bréfi ætla ég að segja þér frá því helsta. Öll samskipti eru orðin mun auðveldari og hraðvirkari, til dæmis er fólk alveg hætt að skrifa bréf nú til dags. Fólk sendir vanalega tölvupóst en hann sendir maður úr hinni hápróuðu tækninýjung, tölvunni. Í tölvunni getur þú fræðst um allt milli himins og jarðar bara með því að slá inn leitarorðum. Þú getur ekki ímyndað þér hve margar aðrar tækninýjungar hafa litið dagsins ljós, má þar nefna síma, sjónvarp, útvarp og fullt fleira. Einnig hafa mörg ný farartæki verið fundin upp sem öll eru knúin af vélum, svo sem bílar og flugvélar. Það er því mun auðveldara að ferðast heimshorna á milli, enda er mikið ferðast til útlanda nú á dögum.

Saga Íslands hefur líka breyst mikið. Konur fengu kosningarétt árið 1915 en þó er enn ekki fullt jafnrétti milli karla og kvenna. Það hefur mikið verið mótmælt upp á síðkastið, ekki út af kvenréttindum heldur standa nú allir Íslendingar í vondum málum. Ísland var orðið meðal ríkustu landa heims í lok 20. aldarinnar en árið 2008 hrundi íslenska bankakerfið vegna óhóflegra lána sem bankarnir gátu svo ekki borgað. Nú er því kreppa á Íslandi og verð hefur hækkað mjög. Þessu hefur verið mótmælt harðlega með eggjakasti, trumbuslætti og fleiru.

Nú ætla ég að segja þér nokkuð sem mun alveg örugglega gleðja þig. Allt sem þú ætlaðir þér heppnaðist. Íslenska þjóðin fékk fullveldi þann 1. desember 1918 og loks fullt sjálfstæði árið 1944. Lýðveldi var stofnað á afmælisdaginn þinn, 17. júní, og því er hann þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga. Hann er haldinn hátíðlegur með skrudgöngu, hoppuköstulum, góðgæti og skemmtunum af ýmsu tagi.

Núna er ég búin að segja þér í stuttu máli hvernig Ísland hefur breyst með tímanum og ég vona að þú sért, þrátt fyrir kreppuna, svolítið stoltur af þjóðinni eins og hún er í dag.

Mikið hefur verið gert þér til heiðurs. Á Austurvelli stendur stytta af þér og það hefur verið gerð ævisaga um þig í fimm bindum. Svo já ég held að þú megir líka vera stoltur af sjálfum þér, hinni sönnu sjálfstæðishetju Íslendinga.

Kær kveðja
Guðrún Sólveig
8. EKH